

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir virkjun á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. mars 2007 samþykkt deiliskipulag fyrir virkjun á Hellisheiði, Ölfusi, stækkun á virkjunarsvæði Hellisheiðavirkjunar. sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun og tekur til stækkunar uppi á Stóra-Skarðsmýrarfjalli um 269,8 ha og áður auglýstrar stækkunar á niðurrenslissvæði um 46,8 ha. Skipulagssvæðið í heild stækkar um 316,6 ha. Skipulagssvæðið norðan Suðurlandsvegur fer úr 1007 ha í 1276,8 ha. Niðurrenslissvæðið sunnan Suðurlandsvegur fer úr 41,2 ha í 88 ha. Svæði 01 og 02, skíðasvæðin eru felld út í breyttri tillögu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 2. nóvember 2007.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2007